

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi fyrrum Húnavatnshrepps í Húnabyggð vegna skilgreiningar 5 nýrra efnistökusvæða.

Skipulagsstofnun staðfesti 6. ágúst 2025 breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 sem samþykkt var í sveitarstjórn 10. júní 2025.

Í breytingunni felst að skilgreind eru fimm ný efnistökusvæði, Nautabúsnáma E64 (200.000 m³), Hjalli Syðri-Löngumýri E65 (200.000 m³), Leitisás E66 (300.000 m³), Ás gegnt Tindum E67 (350.000 m³) og Suðurás E68 (200.000 m³). Þá er skilmálum breytt fyrir eldra efnistökusvæði E3, Hnúksnámu og magn skilgreint sem 200.000 m³ en var 45.000 m³ og stærð verður 40.000 m² en var 17.000 m².

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 6. ágúst 2025.

F.h. forstjóra,
Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 20. ágúst 2025

undefined